

Nd.

289. Breytingartillögur

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. lið komi svo hljóðandi málsgrein:
Þó skal bæjarfélögum jafnan skylt að leggja þennan fasteignaskatt á og innheimta hann af þeim lóðum, þar sem fermetrinn er metinn að fasteignamati yfir 20 kr., og skal þá skatturinn ekki vera lægri en 1%.
2. Við 1. gr. Á eftir orðunum „lóðum og lendum“ í 3. lið sé bætt inn: sem eru yfir 1 hektari að stærð.
3. Við 3. gr. Á eftir orðunum „allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð“ komi þessi setning: Þó skal fasteignaskattur á hús, sem notuð eru til verzlunar, skrifstofuhalds og atvinnurekstrar, ávallt vera tvöfaldur á við skattinn á íbúðarhúsum, þar sem hver íbúð er undir 12000 kr. að fasteignamati.
4. 20. gr. falli niður, og tölusetning greinanna breytist í samræmi við það.
5. 22. gr. falli niður, og tölusetning greinanna breytist í samræmi við það.